

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vatnsendahlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að vatnsvernd verður aflétt af hluta Vatnsendahlíðar og mörk fjarsvæða og grannsvæða breytast. Hluti grannsvæða breytist í fjarsvæði. Breytingin byggir á breytingu á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem staðfest var 7. nóvember 2007 og breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 sem staðfest var 28. nóvember 2007.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 5. maí 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2008